

# STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1997

3. febrúar 1997

157

Nr. 102

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að öðlast gildi 15. febrúar 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 467 15. ágúst 1996, 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar verða svohljóðandi:

#### Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 77.351.346 kr. á ári og fast gjald Borgarfjarðar er 30.429.000 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 23,09 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 1997.*

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

---

*Steinunn Bjarman.*

5. febrúar 1997

Nr. 103

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Við 10. tl. í 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Heimilt er þó frá og með 11. febrúar til og með 30. apríl 1997 að stunda veiðar með fiskivörpu á svæðinu, enda sé hún búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og Landhelgisgæslunni sé tilkynnt um veiðarnar með þeim hætti sem þar segir.